



## REGLUR UM NIÐURGREIÐSLUR VEGNA DVALAR BARNA HJÁ DAGFORELDRUM

---

### 1. gr.

Foreldrar með lögheimili og fasta búsetu á Akranesi eiga rétt á niðurgreiðslum samkvæmt reglum þessum ef þeir eru með gildan dvalarsamning við dagforeldri. Dagforeldri skal hafa leyfi til daggæslu frá sveitarfélagi. Rétt til greiðslna eiga foreldrar í sambúð frá níu mánaða aldri barns, en einstæðir foreldrar frá sex mánaða aldri barns.

### 2. gr.

Sækja skal um í íbúagátt á heimasíðu Akraneskaupstaðar eða á bæjarskrifstofunni Stillholti 16-18, á þar til gerðum eyðublöðum. Umsókn skal hafa borist eigi síðar en 20. dag fyrsta greiðslumánaðar. Með umsókn skal fylgja dvalarsamningur við dagforeldri. Niðurgreiðslur eru greiddar frá þeim tíma sem umsókn liggur fyrir og eru ekki greiddar aftur í tímann.

### 3. gr.

Niðurgreiðslurnar eru greiddar ellefu mánuði á ári. Engar greiðslur eru í júlímánuði. Greitt er eftirá, fyrsta hvers mánaðar, í fyrsta skipti til foreldra í sambúð í lok tíunda lífmánaðar barns og til einstæðra foreldra í lok sjöunda lífmánaðar barns.

### 4. gr.

Þeir foreldrar sem kaupa vistun hjá dagforeldrum í 4 – 8 klukkustundir á dag fá greiðslu sem nemur kr. 5.000 fyrir hverja klukkustund og getur greiðslan hæst orðið kr. 40.000 á mánuði fyrir 8 klst. daglega vistun. Foreldra fjölbura sem kaupa vistun hjá dagforeldrum í 4 – 8 klukkustundir á dag fá greiðslur sem nemur kr. 6.250 fyrir hverja klukkustund og getur greiðslan hæst orðið kr. 50.000 á mánuði fyrir hvert barn fyrir 8 klst. daglega vistun.



## Akraneskaupstaður

### 5. gr.

Greiddar eru viðbótar niðurgreiðslur til þeirra foreldra sem eru með samning við dagforeldri og kaupa vistun í 4 – 8 klukkustundir vegna barna sem náð hafa tveggja ára aldri þar til leikskólapláss hefur verið tryggt. Viðbótar niðurgreiðslur nema kr. 3.750- fyrir hverja klukkustund að hámarki kr. 30.000 á mánuði. Greiðslur koma til framkvæmda í næsta mánuði eftir að barnið nær tveggja ára aldri. Greitt er eftirá, fyrsta hvers mánaðar.

### 6. gr.

Niðurgreiðslurnar til foreldra eru skattfrjálssar en framtalsskyldar.

### 7. gr.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til úrskurðar skóla- og frístundaráðs Akraness.

**Samþykkt í skóla- og frístundaráði 26. janúar 2016.**

**Samþykkt í bæjarráði Akraness 28. janúar 2016.**

**Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 9. febrúar 2016.**

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri